

# FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 



Fimmtudagur 18. maí 2017 | 19. töl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is) öflugur fréttavefur

Kíktu á vefverslunina:  
[www.errea.is](http://www.errea.is)

## BÍL A V E R K S T Æ Ð I

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR

Sími 564 0400

**Bílaraf**

[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður

*Jón Arnluss*  
**KÖKULIST**



**Treystu mér fyrir veislunni!**

[www.kokulist.is](http://www.kokulist.is)

Firði • sími 555 6655

**Litla Gæludýrabúðin**  
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

## Héðinn efstur á Íslandsmótinu í skák

Keppt er við bestu aðstæður í Hafnarfirði

Héðinn Steingrímsson heldur áfram á sigurbraut á Íslandsmótinu í skák sem fram fer í Hraunseli við Flatahraun. Í sjöttu umferð á þriðjudag vann hann Hannes Hlífar Stefánsson með mjög góðri endatafltækni. Héðinn hefur 5½ vinning. Guðmundur Kjartansson er hins vegar ekkert á því að sleppa honum langt frá sér og er aðeins hálfum vinningi á eftir Héðni. Baráttan virðist ætla að standa á milli Íslandsmeistaranna frá 2015 og 2014 en þeir munu mætast í lokaumferðinni á

laugardaginn. Heimamaðurinn Sigurbjörn Björnsson stöðvaði sigurgöngu Björns Þorfinnssonar og er nú í 5.

sæti af 11. Vignir Vatnar Stefánsson er yngstur keppenda, aðeins 14 ára gamall en hann er nú í 7.-8. sæti.



Héðinn leikur hér gegn Hannesi Hlífari í sjöttu umferð.

**Burger\*inn**



Sími: 555 7030  
[www.burgerinn.is](http://www.burgerinn.is)

**ALLTFASTEIGNIR**

**Treystu okkur fyrir sölunni**

[www.alltfasteignir.is](http://www.alltfasteignir.is)

Bæjarhrauni 12 e.h. 560 5500

Jakob Björgvin Jakobsson  
hdl., löggiltur fasteignasali

**A**  
-stöðin  
**TAXI**  
Hafnfirska leigubílastöðin  
**520 1212**

## Skoðaðu úrvalið á [www.as.is](http://www.as.is)

### Strandgata 41



Björt 65,3 m<sup>2</sup> (gólfplötur mun stærri) 2ja herbergja íbúð á þriðju hæð í þessu sögufrægu húsi í miðbæð Hafnarfjarðar. Verð 31,9 millj. kr.

### Suðurvangur 2



Töluvert endurnýjuð 118,5 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð (efstu) í góðu fjölbýli í Norðurbænum. Verð 41,9 millj. kr.

### Svöluás 1B



Glæsileg 86,9 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang og verönd í Áslandinu. Verð 38,9 millj. kr.



**Stofnuð 1988**

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | [www.as.is](http://www.as.is)



# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,  
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



## leiðarinn

Það eru tíðindi að bæjarstjórn hafi samþykkt að kosta að fullu bygginu íþróttamannvirkja sem byggð eru skv. samningi við Hafnarfjarðarbæ. Þetta var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 10. maí en málið hafði ekki verið tekið formlega upp í ráðum eða nefndum bæjarins.

Reyndar var fundargerð bæjarstjórnar ekki komin á vefinn 6 dögum síðar og tæknilegum örðugleikum kennt um. Fundur rofnaði vegna rafmagnsleysis en upptaka er til af fundinum svo þær skýringar sem fengust á töfnni eru frekar óljósar.

Engar aðrar fundargerðir komnar á vefinn eftir 12. maí og er það ekki í anda þeirrar upplýsingastefnu sem bæjarstjórn hefur mótað sér. Reyndar sakna ekki margir fundargerða bæjarstjórnar nema þegar kemur að beinum samþykktum því skráningar á því hver talar og í hvaða röð án þess þess að getið sé hvað þeir tala um segja ekkert.

Akvörðun þessi kemur þó ekki á óvart enda hefur Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri lýst þeirri skoðun sinni að í raun væri einfaldara fyrir sveitarfélagið ef eignarhaldið væri á einni hendi. Þar að auki hafa fæst íþróttafélaganna bolmagn til að eiga og reka stór mannvirki. Samþykktu allir bæjarfulltrúar tillöguna að undanskildum Ólafi Inga Tómassyni sem sat hjá við afgreiðslu tillöguna.

Áður hafði verið samið um að Hafnarfjarðarbær greiddi 90% á móti 10% hlut íþróttafélaganna en áður hafði þetta hlutfall verið 80-20.

Mikil umræða hefur verið um byggingarmál íþróttafélaganna og þó Hafnarfjarðarbær hafi greitt lang stærstan hlut og stundum allan með hárra leigu þá hafði bærinn ekki forræði yfir forgangs-röðun og í raun nýtingu mannvirkjanna.

Guðni Gíslason ritstjóri.

## Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

## Fríkirkjan í Hafnarfirði

### Fermingarstarfið næsta vetur

Samverstund og skráning verður í kirkjunni næsta sunnudag 21. maí kl. 17.

Pau sem vilja vera með í skemmtilegu starfi eru boðin velkomin.

Foreldrar eru beðnir að mæta með börnum sínum.

Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is) og á Facebook



## Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 21. maí

### Messa kl. 11

Verðandi fermingarbörnum og aðstandendum þeirra er sérstaklega boðið.

Fermingarstörf næsta vetrar verða kynnt á eftir messu.



[www.astjarnarkirkja.is](http://www.astjarnarkirkja.is)



## Víðistaðakirkja

Sunnudagur 21. maí

### Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur.

### Sunnudagaskólinn kl. 11

Umsjón: María og Bryndís.

Hressing eftir guðspjónustur.

[www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

# 26,9 milljónir kostar að rífa Dvergshúsið

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 70 milljónir króna

Þrjú tilboð bárust í niðurrið hússins Lækjargata 2 þar sem áður var trésmiðjan Dvergur og byggingarvörverslun. Þetta eru í raun tvö hús, gamalt hús við Brekkugötuna og nýrra hús sem að fullu var tekið í notkun upp úr 1970 og hýsti þá hluta af starfsemi Flensborgarskólans.

Alútboð er um uppbyggingu á lóðinni og eftir forfall þá fjögur fyrirtæki að bjóða í, E3 ehf., Fjarðarmót ehf., GG verk og JTV ehf.

Lægsta tilboð í niðurrið hússins á hafnirfarska fyrirtækið Work North ehf. sem bauð 26,9 milljónir kr. í verkið, A.B.L.-tak bauð næst lægst 33,5 milljónir kr. og Bor ehf. bauð 42,5 milljónir kr.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 70 milljónir kr. svo annað hvort hefur áætlunin verið allt of há eða vel er boðið í verkið.


Ljúka á verkinu nú í sumar svo mikil breyting verður á bæjarmyndinni.





# Graníthöllin er flutt í Mörkina 4

Opnunartilboð - **30%** afsláttur af öllum legsteinum, aukahlutum og allri okkar þjónustu.



**ATH:**  
Opnunartilboð  
lýkur 31. maí n.k.



NR. 1002 GS



NR. 118 PAR



NR. 129-3 SHANXI BLACK

FYLGIRHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ  
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## VIÐHALD & ÞRIF LEGSTEINA

30% AFSLÁTTUR AF ALLRI  
VINNU OG ENDURMÁLUN

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á  
STEININUM? GRANÍTHÖLLIN TEKUR  
AÐ SÉRAÐ HREINSA OG ENDURMÁLA  
LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM  
VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEG-  
STEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



MÖRKIN 4,  
REYKJAVÍK

**Graníthöllin**  
Legsteinar

SÍMI 555 3888  
GRANITHOLLIN.IS



# Sumarblómasala

Systrafélags Viðistaðasóknar



Sumarblómasala Systrafélags Viðistaðasóknar verður við Viðistaðakirkju 25. maí til 1. júní nk.

Sumarblómasalan hefur verið árviss viðburður í bæjarlífinu síðustu þrjátíu og fimm árin og er jafnframt aðal fjáröflun félagsins. Allur ágóði blómasölnunnar í gegnum árin hefur farið í

uppbyggingu, viðhald og stuðning við safnaðarstarf Viðistaðakirkju ásamt því að styrkja Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar.

Þarna geta bæjarbúar keypt kröftug og sterk íslensk sumarblóm frá Gróðrarstöð Ingibjargar í Hveragerði. Opíð er kl. 11 til 17.



## Aðalfundur

**Badmintonfélag Hafnarfjarðar**  
verður haldinn **miðvikudaginn 24. maí kl. 19**  
í íþróttahúsinu við Strandgötu

Dagskrá aðalfundur er samkvæmt lögum félagsins.  
**Félagsmenn eru hvattir til að mæta.**

## Róluvöllur við Smyrlahraun

Íþrótta- og tómstundanefnd hefur ákveðið að halda áfram rekstri róluvallar í sumar. Verður aðsóknin skoðuð sérstaklega og reynt að fá viðhorf þeirra sem nota þjónustuna. Tryggja á að sá sem hefur umsjón með starfinu sé tómstunda- eða uppeldismenntaður eða sé að mennta sig í tómstunda- eða

uppeldisfræðum Meta skal starfið í lok sumars og leggja niðurstöðu mats fyrir íþrótta- og tómstundanefnd.

Stefnt er að því að róluvöllurinn verði við Smyrlahraun þar sem leikskólinn Arnarberg var og síðar Bjarmi.

Verður þetta eini gæsluvöllurinn í bænum.

## Starfsfólk óskast í þjónustustörf á kvöldin

Upplýsingar gefur Oddsteinn í síma 699 0434



Kænan - Matbaer ehf. Óseyrarbraut 2 | www.kaenan.is | steini@matbaer.is

# Eva Ósk fékk svarta beltið í karate



Eva Ósk Gunnarsdóttir með svarta beltið.

Eva Ósk Gunnarsdóttir í Karate deild Hauka þreitti próf fyrir 1. Dan um síðustu helgi, en 1. Dan er fyrsta svarta beltið í Karate. Eva stóðst prófið með glæsibrag og hefur nú náð þeim merka áfanga að vera handhafi svarta beltsins.

Eva Ósk er 18 ára og hefur æft Karate hjá Haukum í 8 ár og er einn af þjálf-

urum deildarinnar. Hún hefur sinnt mjög óeigingjömu starfi í þágu Karate deildarinnar undanfarin ár og á það svo sannarlega skilið að bera svarta beltið að mati deildarinnar.

Er það von Karate deildar Hauka að þetta verði öðrum ungum karateiðkendum til hvatningar.

## Minningargjöf um Kristínu formann

Í minningu Kristínar Gróu Gunnbjörnsdóttur, fv. formanns Hraunprýði, færði Slysavarnadeildin Hraunprýði Björgunarsveit Hafnarfjarðar peningagjöf til kaupa á björgunarbúnaði.

Vigdís Björk Agnarsdóttir, formaður Björgunarsveitarinnar tók við gjöfinni að lokinni hinna árlegu kaffisölu Hraunprýðikvenna 11. maí sl.



Frá afhendingu styrkjarins.





# Siglinganámskeið

Í sumar mun Siglingaklúbburinn Þytur bjóða upp á siglinganámskeið fyrir börn og unglinga 10 ára og eldri, fædd 2007 og fyrr.



Kennt er eftir nýrri námsskrá sem Siglingasamband Íslands hefur látið þýða og staðfæra. Þátttakendum er kennt að bregðast við síbreytilegum aðstæðum, siglingar á kayak og seglbátum, siglingareglur og umgengni um báta og búnað þeirra.

Í lok námskeiða gerum við okkur dagamun, hoppum í sjóinn, buslum og endum á grillveislu.

Hvert námskeið er í tvær vikur hálfan daginn kl. 9-12 eða kl. 13-16.

Kennt er í aðstöðu Þyts, Strandgötu 88 og við Hafnarfjarðarhöfn.



12. júní - 23. júní (fyrir hádegi)  
12. júní - 23. júní (eftir hádegi)

26. júní - 7. júlí (fyrir hádegi)  
26. júní - 7. júlí (eftir hádegi)

10. júlí - 21. júlí (fyrir hádegi)  
10. júlí - 21. júlí (eftir hádegi)

**Innritun er hafin á**  
**www.sailing.is**

**Verð: 15.500 kr. fyrir tveggja vikna námskeið og félagsaðild.**

Siglingaklúbburinn Þytur, kt.: 680978-0189 Sími 555 3422 Bankareikningur: 0545-26-987

## Hvar eru gangbrautarmerkenin?

Marg oft búið að benda á gallann



„Gangbraut“ yfir Fjarðargötu og að Firði sem er þó engin gangbraut því skiltin vantar og merkingar í götu. Þó er tekið úr kantsteinum og miðeyju.

Hafnarfjarðarbær vinnur nú að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir sveitarfélagið. Því óskaði Hafnarfjarðarbær eftir ábendingum frá íbúum um þau atriði sem geta stuðlað að bættu umferðaröryggi í bænum, fyrir gangandi, hjólandi og akandi og átti að skila ábendingum í síðasta lagi 10. maí sl.

Víða um bæinn er tekið úr kantsteinum þar sem gangandi gætu ætlað að merkti gangbraut. En án löglegra gangbrautarmerkeninga er engin lögleg gangbraut og illa sýnileg fyrir akandi.

Hafa orðið árekstrar vegna þessa en ekki er sem betur fer vitað um slys á fólki.

## Valla-tiltekt

Íbúasamtök Valla með tiltektardag

Dagana 19.-21. maí munu íbúasamtök Vallahverfisins standa fyrir tiltektardögum. Á að hreinsa lóðir og nærumhverfið. Fara á í hraunin sem ramma svo skemmtilega inn hverfið en eru til lítillar prýði ef þau eru full af drasli og dóti, hreinsa á meðfram götum og stígum og önnur þau svæði sem hreinsa þarf.

Hafnarfjarðarbær leggur til ruslagáma sem verða á þremur stöðum; við skólann og leikskólana og þar munu fulltrúar íbúasamtakanna verða á

laugardagsmorguninn kl. 9 þar sem hægt verður að nálgast ruslapoka.

Eru nágrannar, fjölskyldur og vinir hvattir til að taka til hendinni því saman er hægt að áorka svo miklu

Nánari upplýsingar verða á fésbókarsíðunni Vellimir mínir – íbúar á Völlum.



## Námskeið í gangi

Macrame hnýtingar



Strandgötu 75  
Hafnarfirði  
Drafnarhúsinu

*Föndurlist*  
Vaxandi

www.facebook.com/fondurlist

## Bréf var eitt ár á leiðinni úr Reykjavík

Hvar var bréfið í heilt ár?



Íbúi á Norðurbakkanum var heldur undrandi þegar hann opnaði bréf sem kom í póstkassann hjá honum í síðustu viku. Innihaldið var tilkynning frá bankanum sem dagsett var fyrir heilu ári síðar. Hélt hann fyrst að þetta væru einhver mistök í bankanum en þegar betur var að gáð er umslagið með póststimpli dagsettum 9. maí 2016.

Töluverðar umræðu hafa verið hér í bæ um hrakandi póstpjónustu en þetta hlýtur að slá öllu við.

Bréfið sem barst í síðustu viku.

## SMÁAUGLÝSINGAR

## húsnæði óskast

68 ára gömul kona með fastar og öruggar greiðslur óskar eftir 2-3 herbergja íbúð strax.  
Elín sími 694 9322.

## þjónusta

**Bílaþrif. Kem og sæki.** Tjörureinsun og bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**  
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265  
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## gardvinna - þrif



**Tvö tyrknesk teppi, sem ný, til sölu á hálfvirið v/flutninga.**

Stærðir: 182x130 cm og 165x90 cm.  
Verð: 50 þús kr. Uppl. í síma 852 2966.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

[www.fjardarfrettir.is](http://www.fjardarfrettir.is)

## FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

## Á DÖFINNI

## Hafnarborg

Sýningin Bókstaflega - Konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýning á verkum úr stofngjöf Hafnarborgar.

## Aðalfundur

Aðalfundur Markaðsstofu Hafnar-fjarðar verður haldinn **í dag fimmtu-dag kl. 17** í Kænunni.

## Aðalfundur Hollvina

Aðalfundur Hollvinafélags Helligserðis verður haldinn **á laugardaginn kl. 11** í andyri Gaflaraleikhússins að Víkingastræti 2. Venjuleg aðalfundarstörf, Gengið um Helligserði í fylgd Ingi-bjargar Sigurðardóttur garðyrkjustjóra Hafnarfjarðarbæjar. Allir velkomnir.

Sendið tilkynningar um viðburði á [fjardarfrettir@fjardarfrettir.is](mailto:fjardarfrettir@fjardarfrettir.is)


# Vilja bæta samgöngur frá Mjódd í Hafnarfjörð

Hafnirðingar leggja til breytingu á leið 21


Umhverfis- og framkvæmdaráð vinnur að endurskoðun á leiðakerfi Strætó til að bæta þjónustu við notendur og helst fjölga þeim en það er yfirlýst markmið með samningi ríkisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2009.

„Við höfum í tvígang óskað eftir að leið 21 stoppi við Smáralind enda margir Hafnirðingar sem vinna á því svæði og óhentugt að þurfa að fara fyrst í Mjódd og taka vagn til baka í Smáralind eða fara í Ásgarð í Garðabæ og taka annan vagn þar til að komast þessa tiltölulega stuttu vegalengd,“ segir Helga Ingólfssdóttir formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Hefur verið kynnt lausn sem Lilja Karlsdóttir samgöngusérfræðingur hjá Viaplan hefur gert og felur ekki í sér fjárfrekar framkvæmdir. Felst það í því að leið 21 muni aka Hlíðarsmára og fram hjá Smáralind og þannig ná að þjónusta bæði fyrirtæki og íbúa á þessu



Tillögur eru um að leið 21 verði um Hlíðarsmára og síðar aki á Hvaleyrarholti.



Núverandi leið 21 á milli Fjarðar og Mjóddar.

svæði. Nýlega flutti Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu í Hlíðarsmára og ef þessi breyting á leið 21 verður samþykkt mun vagninn aka þar framhjá.

Leið 21 er eina leiðin sem þjónustar Kauptún þar sem Ikea er til húsa og Costco mun opna eftir nokkra daga. Þá er nýtt hverfi Urriðaholtið að byggjast

hratt upp. Leið 21 ekur á hálf tíma fresti og til stendur að leiðin aki á kvöldin og á sunnudögum og ef leiðinni er breytt þannig að hún stoppi í Hlíðarsmára og Smáralind er líklegt að farþegum fjölgi verulega og segir Helga að það styðji við fyrrgreind markmið um fjölgun farþega en þau munu ekki nást nema með því að miða þjónustu kerfisins við hagsmuni notenda.

„Við í umhverfis- og framkvæmdaráði höfum verið í samráði við notendur og teljum mjög mikilvægt að bæta þjónustu á leið 21 og viljum í næsta áfanga lengja leiðina innanbæjar þannig að hún hefji akstur á Hvaleyrarholti. Einnig erum við að skoða með hvaða hætti við bætum þjónustu innanbæjaraksturs á öðrum leiðum og við munum halda samráðsfund með íbúum þegar fyrstu tillögur að endurbótum liggja fyrir,“ segir Helga. Vonast er til að ákvörðun verði tekin innan skamms.



Pokan setti skemmtilegan svip á umhverfið um daginn og skúta fyrir akkerum skreytti bæjarmyndina.



# Haukar Íslandsmeistarar

Íslandsmeistarar í drengjaflokki og unglingaflokki í körfuknattleik.

Haukar urðu Íslandsmeistarar í unglingaflokki karla í körfuknattleik sl. sunnudag eftir spennusigur á móti KR þar sem úrslit réðust ekki fyrr en á síðustu sekúndum leiksins, en Haukar komust yfir í fyrsta sinn í leiknum.

Breki Gylfason var valinn maður leiksins, en hann skoraði 28 stig og tók 11 fráköst. Kristján Leifur Sverrisson skoraði 24 stig og tók 11 fráköst.

## DRENGJAFLOKKUR

Fyrir skömmu varð drengjaflokkur karla Íslandsmeistari í körfuknattleik, einnig eftir æsispennandi úrslitaleik við KR þar sem úrslitin réðust líka á loka-sekúndunum. Flokkurinn hafði lent í fjórða sæti í riðlinum og væntingar því ekki mjög miklar. En úrslitahelgina sigruðu þeir Þór með 20 stigum og sigruðu ÍR í undanúrslitum.

KR var yfir 55-49 í hálfleik í úrslitaleiknum og voru yfir mestan hluta af síðari hálfleiknum þar til Haukar náðu 16-0 kafla og náðu 8 stiga forystu sem KR jafnaði undir lok leiksins. Haukar voru svo sterkari á lokamínútunum og sigruðu 94-88.



Íslandsmeistarar Hauka í drengjaflokki.



Íslandsmeistarar Hauka í unglingaflokki.

Hilmar Smári Henningsson var valinn besti maður leiksins og skoraði 38 stig fyrir Hauka og Hilmar Pétursson skoraði 27 stig.

## STELPUARNAR STÓÐU SIG VEL

Unglingaflokkur kvenna spilaði til úrslita við gríðarlega öflugt Keflavíkur-

lið og varð að jata sig sigraða 37-71 Þessi tvö lið hafa borið höfuð og herðar yfir önnur lið á landinu í vetur og varð t.d. lið Haukanna bikarmeistari eftir sigur á Keflavík fyrr í vetur. Í þessum leik gekk ekki neitt upp hjá Haukaliðinu á meðan allt datt ofaní hjá Keflavík.

10. flokkur stúlkna datt út í undanúrslitum eftir jafnan og spennandi leik á móti Grindavík. Stelpurnar hafa verið að taka stöðugum framförum í vetur og hafa fest sig í sessi sem eitt af fjórum bestu liðum landsins.

## BJÖRT FRAMTÍÐ

Framtíðin er björt hjá körfuknattleiksdeild Hauka að sögn Ívars Ásgrímssonar þjálfara. „Mikil fjölgun hefur verið hjá iðkendum innan deildarinnar og er svo komið að nokkrir flokkar eru fyrir löngu búnir að sprengja æfingaaðstöðu utan af sér og því er mikil eftirvænting er nýtt íþróttahús verður tekið í gagnið í byrjun næsta árs og má því búast við enn meiri fjölgun iðkenda er æfingaaðstaðan batnar,“ segir Ívar.

# Hjörtur Már setti heimsmet

21 árs Hafnfirðingur setti heimsmet í 1500 m skriðsundi hreyfihamlaðra

Hjörtur Már Ingvarsson, 21 árs Hafnfirðingur og sundmaður í Íþróttafélaginu Firði, setti nýtt heimsmet í 1500 m skriðsundi í flokki hreyfihamlaðra á Landsbankamótinu í Reykjanæsbæ um síðustu helgi. Hjörtur synti þá á 25.20.22 mínútum

Hjörtur keppir í flokki S6 sem er flokkur hreyfihamlaðra en flokkar hreyfihamlaðra í sundi eru S1-S10 en S1 er þá flokkur þeirra sem hafa mesta fötlun.

Glæsilegur árangur hjá Hirti en aðeins rúmri viku áður var heimsmet í greininni sett, 26.00,21 mín. en Hjörtur sá til þess að metið varð ekki langlíft.



Hjörtur Már Ingvarsson, Firði.

## ÍÞRÓTTIR

### Handbolti:

18. maí kl. 20, Valshöllin  
Valur - FH, mfl. karla, úrslit

21. maí kl. 16, Kaplakriki  
FH - Valur, mfl. karla, úrslit (ef þarf)

### ÚRSLIT KARLA:

FH - Valur: 24-28

Valur - FH: 25-28

FH - Valur: 24-29

### Fótbolti:

18. maí kl. 18, Kaplakriki

FH - Sindri, bikarkeppni karla

19. maí kl. 19.15, Ásvellir

Haukar - Breiðablik, úrv.deild kvenna

20. maí kl. 14, Vestmannaeyjar

ÍBV - FH, úrv.deild kvenna

21. maí kl. 16, Ásvellir

Haukar - ÍR, 1. deild karla

22. maí kl. 19.15, Kaplakriki

FH - Fjölnir, úrv.deild karla

24. maí kl. 19.15, Árbær

Fylkir - Haukar, úrv.deild kvenna

25. maí kl. 19.15, Kaplakriki

FH - Stjarnan, úrv.deild kvenna

### ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Víkingur R. (miðv.dag)

Valur - FH: 1-1

Fram - Haukar 2-2

### ÚRSLIT KVENNA:

FH - KR: 2-1

Þór/KA - Haukar: 2-0



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og  
runnar  
í garðinn  
þinn

v/Kaldárselsveg

555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is





**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

**Flatahrauni 5a**Boltinn í beinni og lifandi  
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir  
einkasamkvæmi stærri  
og smærri hópa.Happy Hour alla daga  
frá kl. 16 til 19 og fleiri  
flott tilboð á barnum.**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

# FH tapaði fyrir Val

2-1 fyrir Val



Valur komst 2-1 yfir í einviginu um Íslandsmeistaratitil karla í handbolta með því að sigra FH öðru sinni á heimavelli FH en FH sigraði Val í Hlíðar-enda. Valur getur því tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn á heima- velli í kvöld en ef FH sigrar verður oddaleikur í Kaplakrika á sunnudaginn kl. 16.

## Mikil sala, vantar allar eignir á skrá, frítt söluverðmat.



Verðmetum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

# Stækkun kirkjugarðsins dugar aðeins í 6-7 ár í stað 10

Hafnfirðingar aðeins helmingur þeirra sem greftraðir eru í kirkjugarðinum

Stækkun á Hafnarfjarðarkirkjugarði neðan Kaldárselsvegur hefur verið tekin í notkun en þegar öll stækkunin verður fullgerð verður sá hluti 3 hektarar að stærð eða 30 þús. fermetrar.

Að sögn Arnórs Sigurðssonar forstöðumanns kirkjugarðsins var reiknað með að þessi nýi hluti dygði í 10 ár en með mikilli fjölgun á greftrunum fólks utan Hafnarfjarðar segir Arnór að allt stefni í að hann dugi ekki nema í 6-7 ár.

Arnór hefur unnið við kirkjugarðinn í 23 ár og segir að ávallt hafi töluverð ásókn verið í greftranir fólks utan Hafnarfjarðar í garðinum og hafi hlutfallið verið 30-36% en nú sé hlutfallið orðið 50% sem kalli á undirbúning á gerð nýs kirkjugarðs í Hafnarfirði. Aðspurður um þessa miklu ásókn segir Arnór að fólki hafi nefnt að viðhald í garðinum sé til fyrirmynda.

Alls kosta framkvæmdir við stækkunina um 300 milljónir kr. og er þá ekki með-

talinn kostnaður Hafnarfjarðarbæjar sem útvega skal land undir kirkjugarð og skila tilbúnu undir yfirborðsfrágang. Á nýja svæðinu næst Kinnunum er verið að byggja vélageymslu og starfsmanna- aðstöðu en þar verða einnig salerni fyrir þá sem leið eiga í garðinn.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar nýr kirkjugarður verði en alls staðar þurfi að flytja að mold þar sem hvergi sé til land sem henti beint fyrir kirkjugarð.



Rými fyrir stækkun kirkjugarðsins myndaðist við færslu á Reykjanessbrautinn fjær Kinnahverfinu.

## Viltu vita hvers virði eignin þín er?

**RE/MAX®**  
**FJÖRÐUR**

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði

## Frítt verðmat!

**Páll B. Guðmundsson**

Löggiltur fasteignasali

861 9300, pallb@remax.is

